



# Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

apríl 2012

Gleðilegt sumar

## Aðalfundur Foreldrafélags Sunnulækjarskóla verður haldinn þriðjudaginn 22.maí 2012 kl. 20:00.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
2. Gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum og  
leggur fram til samþykktar
3. Lagabreytingar
4. Kosningar
5. Aðalfundur ákveður upphæð árgjalds  
fyrir skólaárið 2012-2013
7. Önnur mál

Vonum til að sjá sem flestir.

Kveðja stjórnin

## Úrsögn sveitarfélagsins Árborgar úr Skólaskrifstofu Suðurlands

Á síðasta fundi fræðslunefndar þann 17. apríl átti að taka ákvörðun um úrsögn sveitarfélagsins úr Skólaskrifstofu Suðurlands. Samþykkt var að fresta afgreiðslu á tillögunni til 3. maí og hefja markvisst samráðsferli um sérfræðipjónustu í leik- og grunnskólum í sveitarfélaginu.

Fríða Garðarsdóttir, fulltrúi okkar í fræðslunefndinni, hafði samband við stjórn foreldrafélagsins og hvatti okkur til að kynna okkur málið. Við báðum því fræðslustjóra sveitarfélagsins, Þorstein Hjartarson, um upplýsingar varðandi tillöguna og birtum við svarið hér fyrir neðan.

Sandra Dís Hafþórsdóttir, formaður fræðslunefndar, gerir einnig grein fyrir þróun mála í viðtalið á [dfs.is](https://dfs.is) sem má lesa [hér](#).

Athugasemdir eða fyrirspurnir má senda á fræðslustjóra [thorsteinnh@arborg.is](mailto:thorsteinnh@arborg.is) eða á fulltrúa foreldra grunnskólanna [frida.gardarsdottir@gmail.com](mailto:frida.gardarsdottir@gmail.com).

### Upplýsingar frá fræðslustjóra vegna tillögu að nýju skipulagi fræðslusviðs

Nýtt skipulag fræðslusviðs snýr að því að sviðið sinni sjálft þeim verkefnum sem kveðið er á um í reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010. Lagt er til að nýtt skipulag taki gildi 1. janúar 2013 og samningi við Skólaskrifstofu Suðurlands verði sagt upp fyrir 1. júlí nk.

Í nýju skipulagi er lögð áhersla á að nýta fjármuni vel sem fara í fræðslumál – svo sem í þjónustu við nemendur, starfsfólk skóla og aðra íbúa með það að markmiði að þjónustan verði aðgengilegri, heildstæðari og fjölbreyttari. Auka flæði þekkingar og samstarf ráðgjafa í skólaþjónustu, félagsþjónustu, frístundaþjónustu og kennara og skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum og fleiri stofnunum, svo sem HSu. Einnig verður leitast við að fyrirbyggja vanda með því að efla snemmtækt mat og snemmtæka íhlutun.

Markmið stjórnarsýslu sveitarfélaga á að miða að því að veita góða þjónustu á eins hagkvæman hátt og mögulegt er. Tillaga að skipulagsbreytingum á fræðslusviði tekur mið af því markmiði – leitast er við að samhæfa betur fjölbætta þjónustu við börn, foreldra og starfsfólk skóla um leið og hagkvæmni er gætt.

Meginstefið er sem sé forvarnir, þverfagleg samvinna og þróun félagslegs stuðningsnets barna og foreldra. Þegar þjónusta við börn er skipulögð er náið samstarf lykilatriði, góð upplýsingamiðlun, samræming og sameiginleg stefnumörkun. Skapast minni hætta á því að verið sé að vinna sömu hlutina á mörgum stöðum sem getur komið niður á notendum þjónustunnar og stuðlar um leið að fjárhagslegri óhagkvæmni og stundum einnig að kerfislægum ágreiningi.

Mörg sveitarfélög hafa verið að vinna í anda þessarar hugmyndafræði hér á landi og víða erlendis og þar má til dæmis nefna Reykjavík, Akureyri, Hafnarfjörð og Reykjanesbæ.